

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 135/1029**  
**komudagur 11.1.2008**



Allsherjarnefnd Alþingis  
Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ**

Skuggasundi 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
netfang: postur@dkm.stjr.is  
www.domsmalaraduneyti.is

Reykjavík 8. janúar 2008  
Tilv.: DKM07030018/10.1

Á fundi allsherjarnefndar þann 22. nóvember sl. þar sem fjallað var um frumvarp til laga um neyðarsvörun óskaði nefndarmaður eftir upplýsingum um hvernig eignarhaldi á Neyðarlínunni hf. væri háttað og jafnframt að fá í hendur þá tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins sem kveður á um samræmt neyðarnúmer á Evrópska efnahagssvæðinu.

Meðfylgjandi sendist allsherjarnefnd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu þar sem í 26. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um samevrópskt neyðarnúmer.

Eignarhald á hlutafé í Neyðarlínunni hf. skiptast þannig, að Ríkissjóður á 73,6%, Reykjavíkurborg 10,5%, Landsvirkjun 7,9% og Orkuveita Reykjavíkur 7,9%.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði

Bryndís Helgadóttir